

Alþingi
Erindi nr. P 123/509
komudagur 9.12.198

Trausti, félag sendibifreiðastjóra
Grensásvegi 16
108 Reykjavík
sími: 553 5290, fax 568 7455

Reykjavík 8. desember 1998

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Umsögn Trausta vegna frumvarps um breytingar á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti ofl., með síðari breytingum.

Umsögn vegna breytinga á lögum nr. 39/1988 um bifreiðagjald með síðari breytingum:

Trausti, félag sendibifreiðastjóra, mótmælir bifreiðagjaldi og vill gera að tillögu sinni að það verði fellt niður án þess að aðrar hækkningar komi í staðin. Bifreiðagjald var sett á árið 1987 með bráðabirgðalögum og var ætlunin að það yrði aðeins tímabundin skattheimta til að rétta við halla ríkissjóðs. Raunin varð önnur og hefur gjaldið hækkað úr hófi síðan þá eins og meðfylgjandi tafla sýnir:

Ár	Krónur	Núvirði kr.
1987	201.499.000	438.179.725
1988	576.271.000	1.057.572.539
1989	678.084.000	1.017.939.701
1990	970.407.000	1.222.615.779
1991	1.238.974.000	1.470.290.446
1992	1.296.356.000	1.520.495.952
1993	1.353.745.000	1.539.884.938
1994	1.784.393.000	1.993.166.981
1995	1.765.095.000	1.910.185.800
1996	1.878.269.000	1.916.210.000
1997	2.038.857.000	2.038.857.000

Ath: Innheimta skv. ríkisreikningi til 1996 og skv. greiðsluuppgjöri 1997.

Núvirði er reiknað út frá verðbreytingastuðli skattstjóra.

(Heimild: Atvinnubílstjórnin, 1998. Útgefandi: Samtök landflutingamanna)

Bifreiðagjald er gott dæmi um gjald sem er sett á tiltölulega hóflegt í upphafi en hefur síðan hækkað upp úr öllu valdi. Frá því það lagðist á með fullum þunga árið 1988 og til ársins 1997 hafa tekjur ríkissjóðs vegna bifreiðagjalds aukist um helming.

Trausti mælist til þess að góðærið verði notað til að leggja niður þessa óréttlátu skattheimtu sem skilar sér ekki einu sinni í betra vegakerfi.

Umsögn á breytingu á lögum nr.3/1987 um fjáröflun til vegagerðar með síðari breytingum:

Trausti, félag sendibifreiðastjóra, mótmælir harðlega hækkun þungaskatts, jafnt fastagjalds sem og kílómetragjalds. Með frumvarpinu er verið að taka til baka þá 5% lækkun sem fékkst fyrr á árinu fyrir bifreiðar upp að 14000 kg þyngd, þegar afsláttarreglur voru afnumdar, og rúmlega það.


TRAUSTI
f.h. Trausta
Félag sendibílastjóra
Eyrún Ingadóttir
framkvæmdastjóri.